

Er: Stofnsamþykktir fyrir Fókus, félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu
Verður: Samþykktir Fókus, faghóps Ský um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

Er: 1. grein

Nafn hópsins

Nafn hópsins er Fókus, félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu. Það er faghópur innan Skýrslutækni félags Íslands, með þeim skyldum og réttindum sem það felur í sér (sjá þó 3. og 4. grein).

Verður: 1. gr. Fókus er faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu innan Ský og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá nánar á vefsíðu félagsins (www.sky.is).

Óbreytt: 2. gr. Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið Ský og felast m.a. í:

- Að vekja athygli á hlutverki upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, sérstaklega hvað varðar gæði þjónustu, öryggi sjúklinga og hagræðingu í rekstri.
- Að breiða út þekkingu á og stuðla að skynsamlegri notkun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að auka samstarf og skilning á milli mismunandi hópa fagfólks í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að skapa þverfaglegan vettvang fyrir faglega umræðu og tengsl milli félaga í hópnum svo og félagsmanna í Skýrslutækni félagi Íslands.
- Að koma fram opinberlega fyrir hönd fagfólks í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að stuðla að góðu siðferði við notkun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að styrkja rannsóknir, menntun og þróunarstarf í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að stuðla að samstarfi við félög í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu í öðrum löndum.
- Að styrkja notkun íslenskrar tungu í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.

Er: 3. grein

Réttur á aðild Rétt á aðild að félaginu á allt fag- og áhugafólk um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu. Hægt er að vera eingöngu félagi í félaginu eða eiga jafnframt fulla aðild að Skýrslutækni félagi Íslands. Umsókn um aðild skal berast til skrifstofu Skýrslutækni félagsins.

Verður: 3. gr. Félagar skulu vera félagar í Ský og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki skulu greidd sérstök félagsgjöld í Fókus. Þurfi hópurinn á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað í samráði við framkvæmdastjóra Ský.

Er: 4. grein

Réttindi og skyldur félaga

Félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld. Félögum ber að virða lög félagsins, fundarsköp, fundarsamþykktir og ákvarðanir stjórnar. Félögum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni félagsins nema með samþykki stjórnar. Félögum er skylt að greiða félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar Skýrslutækni félagsins og félagi sem ekki greiðir félagsgjöld í 2 ár missir öll réttindi í félaginu.

Verður: 4. gr. Félagar faghópsins hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum faghópsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld. Félögum ber að virða samþykktir faghópsins, fundarsköp, fundarsamþykktir og ákvarðanir stjórnar.

Félögum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni faghópsins nema með samþykki stjórnar. Félögum er skylt að greiða félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar Skýrslutæknifélagsins og félagi sem ekki greiðir félagsgjöld missir öll réttindi í faghópnum.

Fellur niður: 5. grein

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega að hausti. Allir félagar eiga rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt. Fundurinn skal boðaður félögum skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundarefni svo og allar tillögur sem ætlast er til að bornar verði undir atkvæði. Stjórn félagsins skipuleggur og ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar. Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

Setning fundar og kynning dagskrár

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Skýrsla stjórnar félagsins um störf hans á liðnu starfstímabili

Starfsáætlun næsta starfsárs lögð fram

Breytingar á félagssamþykktum

Kosning formanns

Kosning annarra stjórnarmanna

Kosning í nefndir félagsins

Önnur mál

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum, þó þarf a.m.k. 2/3 atkvæða til breytinga á samþykktum félagsins (sjá gr. 6). Komi fram tillaga um að leggja félagið niður þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæðisbærra féлага. Halda skal gerðarbók um aðalfundi félagsins og skrá allar samþykktir og ákvarðanir. Málefni sem óskast tekin fyrir á aðalfundi skulu berast stjórn félagsins að a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund.

Er: 6. grein

Breytingar á samþykktum félagsins

Samþykktum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillaga til breytingar skal berast stjórn með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Ef tillaga til breytingar verður tekin til meðferðar á aðalfundi skal þess getið í fundarboði og gerð grein fyrir tillögunni þar.

Verður: 5. gr. Samþykktum má eingöngu breyta með einfaldri meirihlutakosningu þar sem öllum félagsmönnum gefst færi á að kjósa. Breytingartillögur og kosningafyrirkomulag skal vera kynnt með viku fyrirvara.

Er: 7. grein

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skipa 5 félagar og tveir til vara kosnir á aðalfundi félagsins. Formaður skal kosinn sérstaklega. Í stjórn eru auk formanns, ritari sem jafnframt er varaformaður og þrír meðstjórnendur. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára og skulu ganga úr stjórn á víxl. Varamenn skulu kosnir til eins árs. Hætti stjórnarmaður á kjörtímabilinu skal varamaður taka sæti hans til næsta aðalfundar en þá skal kjósa stjórnarmann í hans stað til loka kjörtímabils hans. Skal það gert áður en gengið er til kosninga um aðra stjórnarmenn. Stjórn félagsins skal vera þannig skipuð að hún endurspegli sem best þekkingu og starfssvið féлага í félaginu. Sama skal gilda um varamenn.

Verður: 6. gr. Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi Ský til eins árs í senn og er skipuð fimm til sjö einstaklingum, sem útnefnir formann innan sinna raða og skipta með sér verkum eftir þörfum. Samsetning stjórnar skal endurspegla sem best þekkingu og fagsvið féлага faghópsins. Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum faghópsins með því að standa fyrir ýmsum viðburðum, þar með talið einum stórum viðburði á ári auk minni og óformlegri viðburða. Stjórn faghópsins skilar skýrslu um starf sitt til stjórnar Ský fyrir aðalfund Ský.

Lagt fram á aðalfundi faghópsins 2. desember 2013.